STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1994

Nr. 630 2598 13. desember 1994

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Frá og með 14. desember 1994 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Hrollaugseyjar, milli 16°15'V og 15°55'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er á milli 63°51'N – 16°15'V og 64°00'V – 15°55'V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 14. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 264, 20. maí 1994, um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 94, nr. 630. Útgáfudagur 13. desember 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.